

Nesfréttir

OKTÓBER 2017 • 10. TBL. • 30. ÁRG. • www.borgarblod.is



Hádegistilboð

Fríu heli
11-16

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

MÍÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Soroptimistasystur á Bessastöðum

Af tilefni fjórtíu ára afmælis Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness bauð Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson Soroptimistasystur til móttöku á Bessastöðum þann 5. október síðastliðinn.

Klúbburinn var stofnaður 24. september árið 1977 og fagnaði því fjórtíu ára afmæli á dögum. Sjöfn Þórðardóttir formaður Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness færði forsetanum Guðna

fyrir hönd systra tvær svuntur handa þeim hjónum með lógó systra sem þakklætisvott fyrir höfðingjalegar móttökur. Jafnframt færði heiðursfélagi klúbbsins, Ingibjörg Bergsveinsdóttir forsetanum ljóðabókina Tilfinningar fyrir hönd klúbbsins. Systur voru alsæl- ar með ánægjulega heimsókn á Bessastaði og ánægðar með forseta fólksins sem kann svo sannarlega að taka á móti gestum og vel það.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Systrasamlagid

Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka



Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Hin óbyggðu svæði

Gera má ráð fyrir að náttúrufar og ásýnd Seltjarnarness, einkum vesturhluta þess verið til umræðu á næstu mánuðum. Þeim röddum fjölga sem varðveita vilja hin óbyggðu svæði og strandlengju Nessins. Gróttta er orðin eitt af kennileitum Íslands jafnvel í landkynningum sem beint er til ferðafólks – staðar þar sem einstök kyrrð ríkir og útsýnið flæðir.

Fyrir löngu virðist hafa orðið nokkuð víðtæk sátt um að nýta vestursvæðin ekki til nýbygginga. Reyndar er ekki um ósnortið víðerni að ræða eins og stundum hefur verið haldið fram heldur er þetta nytjaland frá þeim tíma að útvegshændur byggðu Seltjarnarnes – sóttu sjó og beittu hestum og kúm á landið auk þess að nýta það til hefyngs fyrir búsmala sinn.

Með hinni ört vaxandi ferðapjónustu verður að gera ráð fyrir að ferðafólk sæki Seltjarnarnesi heim í auknum mæli – einkum Gróttu og nágrenni. Ekkert land þolir ótakmarkaðan ágang og byggð ból ekki ótakmarkað styggð af ferðafólki. Því kallar þessi þróun á tvennt. Að skipuleggja að einhverju leyti ferðir um hin óbyggðu svæði og einnig að kosta nokkru til gæslu eða landvörslu einkum um sumartímamann. Hugsanlegt er að fá megi eldri borgara til þess að taka að sér hlutastörf að þessu leyti og eins skólafólk sem leitar sér aukaeða sumarvinnu.

Hin óbyggðu svæði eru Seltirningum mikilvæg. Því verður vart hjá því komist að fylgja skipulagi, gæslu og eftirliti eftir.

Forvarnardagurinn í Valhúsaskóla



Forvarnardagurinn 2017 var haldinn í Valhúsaskóla miðviku-daginn 4. okt. Nemendur í 9. bekk skólans söfnuðust saman af því tilefni á bókasafni skólans og tóku virkan þátt í dagskránni.

Dagurinn var helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglungum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Ásgerður

Halldórsdóttir bæjarstjóri og Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands ávörðuðu nemendur en ávarp Guðna var flutt af myndbandi. Margrét Sigurðardóttir æskulýðsfulltrúi ræddi við krakkana um mikilvægi þess að lifa heilbrigðu og skemmtilegu lífi. Nemendur horfðu saman á myndband forvarnardagsins og unnu í hópum að verkefnum sem þeim voru ætluð í tilefni dagsins.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á
Facebook



www.systrasamlagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU
VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Bjarni Benediktsson

Bryndís Haraldsdóttir

Jón Gunnarsson

Óli Björn Kárason

Vilhjálmur Bjarnason



Karen E. Halldórsdóttir

Kristín María Thoroddsen

Katrín Ósk Ásgeirsdóttir

Tinna Dögg Guðlaugsdóttir

Hrefna Kristmannsdóttir



Fyrir okkur öll

Fram til nýrra sigra

Menningarhátíð Seltjarnarness

Menningarhátíð Seltjarnarness fór fram á dögnum og var fjöldi veglegra, áhugaverðra og skemmtilegra viðburða í boði frá fimmtudegi til sunnudags.

Undirbúningur stóð yfir í eitt ár og lögðu um þrjú hundruð manns sitt af mörkum til að gera hátíðina að veruleika og sem glæsilegasta. Það var formaður menningarnefndar, Sjöfn Þórðardóttir, sem setti menningarhátíðina á fimmtudagseftirmiðdag.

„Menningarstarf er veigamikill þáttur í bæjarlífinu allt árið um kring, enda eflir það bæjarbrag og ímynd Seltjarnarness út á við. Tilgangur hátíðarinnar er að auki að brjóta upp hverdagsleikann, upplýsa, fræða, skemmta og virkja mannauðinn og ná til fólksins með samveru fjölskyldu og vina. Menning og listir gleðja augað, auka víðsýni okkar, skilning og auka sköpunargleðina sem býr innra með okkur öllum. Mikilvægt er því að hvetja börn og

ungmenni til þátttöku í menningarviðburðum í þeim tilgangi að auðga líf þeirra og færa þeim góðar minningar, þekkingu og reynslu,“ ritar Sjöfn í kynningarbæklingi fyrir hátíðina.

Margt var um manninn við setninguna og á hinum ýmsu viðburðum helgarinnar. Ljóst er að listalífið á Seltjarnarnesi er fjölskrúðugt og metnaðarfullt.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokkis tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnust annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slíflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Við viljum

réttlátt samfélag

sem skiptir okkar
miklu gæðum með
sanngjörnum
hætti.



Suðvesturkjördæmi
Guðmundur Andri , 1. sæti
Margrét Tryggvadóttir, 2. sæti

Látum hjartað ráða för

Kosningakaffi á kjördag verður hjá Samfylkingunni í Hafnarfirði
frá klukkan 10 til 18.

Ef þörf er fyrir akstur á kjördag svörum við í síma 611 2393.

XS Kjósum Samfylkinguna
www.xs.is

Sólveig Pálsdóttir sendir nýja spennusögu frá sér

- verður kynnt á höfundakynningu 21. nóvember n.k.

Höfundakynning verður haldin í Bókasafni Seltjarnarness þriðjudaginn 21. nóvember nk. Meðal þeirra sem þar koma fram er Sólveig Pálsdóttir rithöfundur en ný bók eftir hana, Refurinn, er væntanleg í verslanir um næstu mánaðamót. Nesfréttir náðu tali af Sólveigu til að forvitnast aðeins um nýju bókina.

Þú hefur búið lengi á Seltjarnarnesi og tekið virkan þátt í menningarstarfi hér. Kemur Nesíð eitthvað við sögu?

„Reyndar ekki,“ svarar Sólveig brosir út í annað. „Sögusviðið er eins ólíkt sléttlendi Seltjarnarness og hugsast getur. Hvassir tindar og brattar skriður einkenna staðinn sem gegnir lykilhlutverki í Refnum en sögusviðið er austur í Lóni, á Höfn í Hornafirði og í Reykjavík.

Líf Guðgeirs hefur breyst

Koma persónur úr fyrri bókunum þínum við sögu?

„Já, þó nokkrar svo sem Guðgeir og Særós en Guðgeir starfar nú tímabundið sem öryggisvörður á Höfn á meðan hann jafnar sig á áföllum í starfi og einkalífi. Líf hans hefur tekið algjörum stakkaskiptum á stuttum tíma. Áður var hann hamingjusamlega giftur fjölskyldufaðir og farsæll yfirmaður í lögreglunni en nú reynir hann að láta dagana líða og láta lítið á sér bera. Hann dregst inn í óvænta atburðarás þegar ung erlend kona

hverfur sporlaust þarna fyrir austan. Þó að fólk segist hafa hitt konuna er engu líkara en að hún hafi aldrei verið til. Inni í Lóni, á bænum Bröttuskriður, býr kona með fullorðnum syni sínum. Bæði eiga þau sér sérstaka fortíð sem er sveipuð dulúð líkt og umhverfið. Líf þessa fólks fléttast saman með óvæntum hætti.

Þetta er spennusaga

Er þetta glæpasaga líkt og fyrri bækurnar?

„Já, þetta er spennusaga. Mér þykir gaman að skrifa slíkan texta, keyra upp eigin hjartslátt og ég vona innilega að mér takist að fá blóðið til að renna hraðar í öðrum líka. Refurinn er með nokkuð óvenjulega uppbyggingu og er kannski ekki hefðbundin glæpasaga heldur sálfræðileg spennusaga, eins og einn þeirra sem las yfir handritið orðaði það. Persónurnar mótuðust í huga mér tiltölulega snemma en það tók mig nokkurn tíma að finna réttan tón fyrir söguna. Kannski vegna þess að sögusviðið er að hluta til í Lóninu og mér þykir vænt um þann stað. Bröttuskriður eru þó ekki til í alvörrunni, sagan er skáldskapur frá upphafi til enda, og persónur eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Ég verð að nefna þetta því þegar fyrsta bókinn mín, Leikarinn, kom út var ég spurð að því í beinni útsendingu í útvarpi hvort leikari sem kemur við sögu ætti sér




Sólveig Pálsdóttir, rithöfundur,

raunverulega fyrirmynd. Mér brá því það er svo fjarri lagi. Svarið var nei og aftur nei. Sama á við um Refinn sem varð eingöngu til í kollinum á mér.“

Hvernig skrifar þú - byrjarðu á að úthuga plottið og hvernig vinnurðu?

„Ég hef óljósa hugmynd um plottið þegar ég byrja en kveikjur að bókunum mínum hafa hingað til verið persónur og ákveðið andrúmsloft sem ég vil fanga. Ég hef endalausan áhuga á margbreytileika mannlífsins og hvað það er sem mótar manneskjuna. Það er stöðug áskorun að flétta saman marga þræði svo úr verði heillegt verk. Smám saman taka hugmyndirnar á sig mynd sem styrkist við hverja yfirferð. Þetta er mikil vinna því ekkert verður



Refurinn, ný bók eftir Seltirninginn Sólveigu Pálsdóttur.

til af engu og maður verður að temja sér mikinn sjálsaga til að endast við tölvuna. En á meðan skrifin veita mér ánægju og ég hitti glaða lesendur held ég áfram.

Bækurnar þínar hafa fram að þessu komið út á vorin en nú ertu komin í jólabókaflóðið. Hvernig leggst það í þig?

Samkeppnin er hörð en ég vona það besta. Satt að segja trúi ég því að bóksala verði mikil og vona innilega að landsmenn lesi sem allra mest um jólin, já og bara alltaf. Áfram lestur og áfram bækur.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Nú er Nicorette® í nýjum pakkningum... en er að öðru leyti alveg óbreytt

Núverandi útlit



Nýtt útlit



Lyfjatyggigúmmí

Munnhólsúði

Munnsgöstöflur

Forðaplástur

Innsogslyf

Tunguróartöflur

Nefúði

Nicorette nikótínlyf (innihaldið nikótín) eru notuð við tobaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðveldva reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tobaki. Lyfjatyggigúmmí skal tryggja rólega og láta liggja kyrrt í munnum öðru hverju. Innsogslyfi skal anda að sér í gegnum munnslykkið. Nefúða er úða í hvora nösina. Forðaplástur er settur á húð. Munnsgöstöflur eru látnar leysast upp í munni. Tunguróartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnhólsúða skal úða í munni. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnhólsúðinn og munnsgöstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjans. Létlið til læknis eða lyfjafræðings þess þú frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjastja.is



Eldgrillaður
KJUKLINGUR



Tilboð

Eldgrillaður kjúklingur og 2 l.
af Coca Cola, Zero eða Light

1.699 kr/pk

Upphaf Lúterstrúar minnst í Seltjarnarneskirkju

- kirkjan býður í 500 ára afmæli

Þess verður minnst í Seltjarnarneskirkju þann 31. október næstkomandi að 500 ár verða þá liðin frá því að dr. Marteinn Lúther negldi mótmæli sín á hurð Hallarkirkjunnar í Wittenberg í Þýskalandi, en það var 31. október árið 1517.

Í tilefni þessara merku tímamóta býður Seltjarnarnessöfnuðu upp á fyrirlestur í Seltjarnarneskirkju kl. 14 þriðjudaginn 31. október næstkomandi. Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson mun flytja fyrirlestur sem hann nefnir: Lúter og lífsgleðin. Um er að ræða mjög áhugaverðan fyrirlestur. Að fyrirlestri loknum býður Seltjarnarnessöfnuður upp á kaffi og afmælistertu í safn- aðarheimili kirkjunnar. Sama dag, 31. október kl. 17 verður sýnd bíómynd um ævi og störf dr. Marteins Lúthers í kirkjunni. Boðið verður upp á viðeigandi



Marteinn Lúther.

veitingar meðan á sýningu stendur. Allir er hjartanlega velkomnir til að fagna þessum tímamótum í sögu kirkjunnar.

Sigurgeir fallinn frá 82 ára

Sigurgeir Sigurðsson, fyrrverandi bæjarstjóri á Seltjarnarnesi lést á heimili sínu þriðjudaginn 3. október sl. 82 ára að aldri. Sigurgeir var sveitarstjóri og síðan bæjarstjóri á Seltjarnarnesi samfelt í 37 ár, frá 1965 til 2002. Fáir ef nokkur hefur gegnt starfi bæjarstjóra á sama stað svo lengi. Heil kynslóð Seltirninga ólst því upp þann tíma sem hann stýrði bæjarfélaginu.



Sigurgeir var fæddur á Sauðárkróki 14. desember 1934, sonur Sigurðar P. Jónssonar kaupmanns og Ingibjargar Eiríksdóttur húsmóður. Hann starfaði hjá bandaríska hernum og á varnarsvæðinu í Keflavík í tæp níu ár og einnig hjá Landsbankanum og Ford-umboðinu Kr. Kristjánssyni áður en hann fluttist á Seltjarnarnes árið 1957 ásamt eiginkonu sinni, Sigríðu Gyðu Sigurðardóttur myndlistarkonu. Hann var kjörinn í hreppsnefndina þar árið 1962 og þremur árum síðar varð hann sveitarstjóri. Sigurgeir og Sigríður Gyða eignuðust þrjú börn: Margréti Sigurgeirsdóttur, fædda 1956, Sigurð Inga Sigurgeirsson, fæddan 1958, og Þór Sigurgeirsson fæddan 1967. Fyrir átti Sigurgeir einn son, Hörð Sigurgeirsson, fæddan 1955.

Ég er í baráttusæti í komandi kosningum og treysti á þinn stuðning!

Vilhjalmur Bjarnason

Vilhjalmur Bjarnason alþingismaður er í 5. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.



DAGSKRÁ NÓVEMBER 2017

7. nóvember kl. 19.30



BÓKMENNTAKVÖLD
Tvísaga: fjölskyldusaga



Ásdís Halla Bragadóttir
fjallar um og les
upp úr bók sinni
Tvísaga: fjölskyldusaga

8. nóvember kl. 17.30

Sögustund fyrir
yngstu börnin

Lesin verður bókin
Enginn sá hundinn

Höfundur:
Hafsteinn Hafsteinsson
Vísur: Bjarki Karlsson



9. nóvember kl. 17.30

Tónstafir

Porsteinn Sæmundsson
– Klassískur gítarleikur



16. nóvember kl. 17

Gallerí Gróttá
Sýningaropnun

Guðrún Einarsdóttir opnar
málverkasýningu í Gallerí Gróttu.
Sýningu lýkur 22. desember.



21. nóvember kl. 20
RITHÖFUNDASKYNNING



Ármann
Jakobsson



Bubbi
Morthens



Oddný Eir
Ævarsdóttir



Sólveig
Pálsdóttir

Sunna Dís Másdóttir
stjórnar umræðum

Kaffi og kruðerí



25. nóvember
kl. 11-12

Lesið fyrir hund – Vigdís
– Vinir gæludýra á Íslandi

Skráning á netfangið
sigridurgu@nesid.is eða í síma
5959-170. Sex börn komast
að í hvert skipti.



Opnunartími:
mán. - fim. 10-19
og fös. 10-17
Lau. 11-14



Bókasafn
Seltjarnarness

Áfram verður eftirsótt að búa á Seltjarnarnesi

Guðmundur Helgi Þorsteinsson skrifaði grein í Nesfréttir fyrir nokkru. Efni greinarinnar var umfjöllun um hin svonefndu vestursvæði á Seltjarnarnesi og náttúrulegt gildi þeirra. Í grein sinni vitnaði hann m.a. í aðalskipulag Seltjarnarness frá 2006 til 2024 þar sem segir að skipulagssvæðið einkennist af einstakri náttúru og athyglisverðu menningarlandslagi. Það hafi auk þess mikið útvistar- og fræðslugildi. Enn fremur segir að svæðið sé í skipulagi höfuðborgarsvæðisins talið eitt af mikilvægustu útvistarvæðum þess.

Guðmundur Helgi hefur tengst íþróttalífnum nánum böndum og er eini Íslendingurinn sem að hefur gegnt starfi í alþjóðaiþróttahreyfingunni en hann var um árabíl framkvæmdastjóri tækni- og þróunarmála hjá FIVB, alþjóðablaksambandinu í Lausanne í Sviss þar sem hann hafði fasta búsetu. Guðmundur Helgi var auk þess innri endurskoðandi samtakanna 1999 til 2003, en fram að þeim tíma hafði hann verið framkvæmdastjóri og varaformaður Blaksambands Íslands um árabíl. Það var því ekki ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur enda er FIVB stærsta heimsíþróttasambandið með 221 aðildarland innanborðs og fleiri aðildarlönd á heimsvísu heldur en FIFA sjálft. Guðmundur Helgi er úr fótboltafjölskyldu og tengdafaðirinn Einar Halldórsson var í Val og var landsþekktur knattspyrnumaður á árum áður og lék um árabíl í landsliði Íslands, en blakið reyndist hins vegar órlagavaldurinn.

Síðasta kynslóðin sem gekk frjál

Guðmundur Helgi er alinn upp vestast í Vesturbænum í Reykjavík – á Holtsgötunni en kveðst hafa kynnst Nesinu fljótt sem drengur og tengst því fyrir lífstíð. “Við vorum mikið út í Ánanaustum, á Framnesvellinum og Eiðsgrandanum. Þar voru leiksvæði okkar strákanna og þetta var þá mikið óbygggt svæði. Við vorum að spila fótbolta og stunda ýmsa leiki sem algengt var á þessum tíma. Við vorum með fleka til þess að prufa sjóferðir og þarna fórum við með kakómalt í flöskum og nesti og vorum daglangt í burtu. Þetta var veruleikinn þá. Ég kem úr stórrí fjölskyldu. Við erum tíu



Guðmundur Helgi á Heimsþing FIVB í Anaheim Californíu árið 2012.

systkinin og ég segi oft að við höfum verið síðasta kynslóðin sem gekk frjál. Við vorum líka mikið í íþróttum einkum við bræðurnir og Geir bróðir var síðar formaður Knattspyrnusambands Íslands. Íþróttasagan er orðin löng.”

Hjá Guðbirni og Guðmundi G.

“Ég var í fótbolta með KR þar sem Guðbjörn Jónsson sá ágæti maður þjálfaði mig, náði að spila einhverja leiki með meistaraflakki í körfubolta líka. Þess utan hafði ég líka verið í frjálsum íþróttum hjá ÍR hjá Guðmundi G. Þórarinssyni í gamla íþróttahúsinu við Landskotskólann sem að var helsta afreksmiðstöð ÍR fyrr á árum. Ég sá hins vegar blak fyrst í bakgarðinum hjá starfsmönnum sovéska sendiráðsins í Garðastræti og steig mínu fyrstu skref í skólablaki í gamla ÍR húsinu en það átti eftir að setja mark á líf mitt svo um munaði. Blakið byrjaði frekar seint hér á landi og blaksambandið var stofnað 1972 þ.e. 10 árum eftir að ég fæddist. Eftir að áhuginn kviknaði fyrir alvöru þá kom ég fljótt inn í þetta og var leikmaður um árabíl með sigursælu liði ÍS, gerðist framkvæmdastjóri og varaformaður blaksambandsins og starfaði í helstu nefndum. Þetta leiddi mig á endanum til Lausanne í Sviss í höfuðborg heimsíþróttanna þar sem að Alþjóða Ólympíunefndin hefur aðsetur sitt líka.”

Eins og að fara í rússíbana

“Já – ég flutti til Sviss árið 2003 til þess að hefja störf fyrir Alþjóðablaksambandið. Blakíþróttin er mikið útbreidd íþrótt og ein vinsælasta greinin á Ólympíuleikunum. Fyrir mig var þetta eins og að fara um borð í rússíbana og ævintýri líkast. Mikið um ferðalög og fundi víða um heim enda hafði ég sex fagnefndir leiksins á mínu verksviði sem að komu að stærstu atriðunum í okkar sporti svo sem lyfjamálum, tæknimálum og þróunarmálum, menntun dómara og þjálfara svo fátt eitt sé nefnt. Þess utan fór drjúgur tími í samskipti og samningagerð við framleiðendur íþróttavara auk eftirlits með fjárhagsáætlunum auk undirbúnings fyrir stórmótin. Það var af nógu að taka.”

Annasamur dagur

Það hefur verið nóg að gera. “Já - dagurinn var oft annasamur og oft var það svo að ég hringdi í flestar heimsálfur og stundum fannst mér ég vera eins og þróunarbancastjóri að hitta sendinefndir alls staðar að, frá Afríku, Asíu, Eyjahafi og víðar að deila út styrkjum og glíma við skortinn. Þetta var ótrúlegt á köflum og það var enginn dagur eins utan þess að maður byrjaði snemma og kom oft seint heim á kvöldin og lítið um frí. Hefði ég ekki getað haft konuna heimavinnandi til þess að sjá um heimilið og börnin

þá hefði þetta ekki getað gengið. En hvernig var með tungumálið. “Það var nú eitt. Ég er breskmenntaður með meistaraþráðu í nýsköpunar og breytingarstjórnun frá York og talaði enga frönsku áður en ég fluttist til Lausanne sem er á frönskumælandi svæði í Sviss rétt við landamæri Frakklands. Þetta olli óþægindum fyrst en svo leit maður aldrei til baka. Krakkarnir voru ótrúlega fljót að ná henni og tala hana eins og sitt móðurmál í dag. Og ég tek eftir að þegar þau eru að tala saman hér heima þá tala þau mikið frönsku. Þetta sest svo fast í börnin ef þau ná tungumáli á ákveðnum aldri.” Guðmundur segir að það hafi verið gott að búa í Lausanne næstum eins og í málverki eins og hann kemst að orði. “Íþróttirnar hafa gefið manni svo margt og ég get verið þakklátur fyrir það sem þær hafa fært mér. Þær ná að brúa bil á milli fólksins og menn læra að bera virðingu hver fyrir öðrum. Ég hitti líka margt fólk á þessum tíma, stjórnmálamenn, íþróttaleiðtoga og fleiri skemmtilega karaktera. En ég var líka feginn að komast heim – heim í íslenska matinn, lambakjötið og fiskinn. Við eigum svo mikil gæði í hráefninu okkar.”

Vestursvæðin eru forréttindi Nesbúa

En aftur að æskuslóðunum “Já – þær eru mér mjög hugleiknar. Leiðin lá oft út með fjörunni og út á Seltjarnarnes. Þannig voru fyrstu kynni mín af þessum fallega stað. Æska mín átti sér einkum stað í fjörunum við Naustin og vestur eftir allt út á Seltjarnarnesið.” Guðmundur Helgi segir vestursvæðin vera forréttindi Nesbúa - gríðarsvæði sem annast þurfi um og varðveita. Gróttá sé orðin eitt af kennileitum landsins og margar tilvísanir í hana samfélagsmiðlunum erlendis. “Þess vegna hef ég áhyggjur af umferðinni inn á þessi svæði. Eins og ég komst að orði í nefndri greina þá er hafin ákveðin útrás fólks úr borgarsamfélögum sem er að leita eftir öðru umhverfi. Náttúrulegu umhverfi, sjávarilmi, frelsi og kyrrð. Þessar væntingar fólks eru hluti af því hversu Ísland er orðið áhugavert ferðamannaland. Ég hef ekkert á móti ferðamönnum en við verðum að skipuleggja hvernig við viljum taka á móti þeim og stýra ástandinu og vakna



Guðmundur Helgi með Samuel Schmid fyrrum forseta Sviss í höfuðstöðvum FIVB, alþjóðablaksambandinu í Lausanne. Myndin var tekin árið 2009.

ekki upp við vandan draum. Okkur er trúað fyrir dýrmætri náttúru á Nesinu og hún er ekki sjálfgefin." Guðmundur Helgi segir vestursvæðin á Seltjarnarnesi nánast einu svæðin sem enn eru óbyggð á stór Reykjavíkursvæðinu og því verði að leggja alveg sérstaka áherslu á vernda þau enda um fríðlýst svæði að ræða en það verði jafnframt að virða rétt íbúanna til þess að njóta náttúrugæðanna. Þetta verður allt að fara saman.

Þarf líka að huga að skipaumferðinni

"Hann segir að huga þurfi að fleiri þáttum þegar kemur náttúruverndarmálum á Seltjarnarnesi, það er ekki bara mannfólkið heldur líka stóraukin skipaumferð út á flóanum sem kallar á annað áhættumat og forvarnir. Náttúran verður að njóta



Guðmundur Helgi ásamt fjölskyldunni.

vafans og ég efast ekki um að Seltirningar vilja verja sín landsvæði gegn hugsanlegri mengun sem og ágangi sjávar."

Súrrealískt að búa í gömlu mýrinni

"Árið 1996 festi ég kaup á fokheldu húsnæði í Eiðismýrinni og lauk við byggingu þess. Ég flutti aftur á gamla leiksvæðið mitt sem var svo fast í minni. Í gömlu skurðina þar sem við strákarnir lékum okkur svo oft fyrr á árum en þá voru kindur og kýr þar á beit." Guðmundur Helgi segir forrétindi felast í að búa á Seltjarnarnesi. Þar erum við laus við mestu traffíkina sem einkennir Höfuðborgarsvæðið. En við verðum líka að horfast í augu við þá staðreynd að að Ísland er bílasamfélag. Því verður ekki breytt í einni svipan. Ég hef til dæmis ákveðnar efasemdir um svokallaða borgarlínu eftir veru mína í Sviss. – sveitarfélögin standa ekki nægilega vel til þess að leggja í þær fjárfestingar og óvist hvort að þær

verði nægjanlegar arðbærar til skamms tíma en við þurfum að halda áfram að huga að skapandi lausnum í samgöngumálum." Guðmundur Helgi segir að fyrir um tveimur áratugum hafi varla nokkur samgönguvandamál þekkt en það hafi breyst á umliðnum árum. "Það þrengir að Seltirningum og við sjáum vandamálin víða, á Nesveginum, Hofsvallagötunni, Eiðsgrandanum og Mýrargötunni. Þar sem umferðartregða er til staðar þar er spennan og neikvætt andrúmsloft. Það er klárt mál að bíllinn er þarfasti þjónn okkar Seltirninga þegar kemur að samgöngum, tölur vegagerðarinnar tala sínu máli í því."

Verður eftirsótt að búa á Seltjarnarnesi

Guðmundur Helgi snýr sér að öðru. "Það verður áfram eftirsótt að búa á Seltjarnarnesi enda þjónustugíð nokkuð gott og langt í frá að hér búi bara þiggjendur sem fá alla sína þjónustu frá Reykjavík. Því fer fjarri og það gleymist oft í umræðunni að margir Seltirningar skilja eftir verðmæt skattspor í henni Reykjavík og kaupa þar fullt af þjónustu og reka jafnvel fyrirtæki þar. Menn verða að horfa á heildarmyndina og allar hugmyndir um sameiningu ganga þvert á reynslu mína frá Sviss þar sem litlar stjórnsýslueiningar eru í hverri borg til þess að tryggja íbúnum þjónustuna í nærumhverfi. Það er samt ekki sjálfgefið að það gangi alltaf upp og eðlilegt að sveitarfélögin vinna saman að stærri hagsmunamálum. Það verður áfram eftirsótt að búa á Seltjarnarnesi og ég sé ekki annað í kortunum en að mannlíf haldi áfram að dafna vel hérna hjá okkur en við búum við takmörkuð landgæði, þéttbýli og mikla umferð inn og út á nesið og það er ein helsta áskorun okkar."

www.n1.is

facebook.com/enneinn

Við dekkum veturinn af öryggi



Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin
á www.n1.is



Michelin X-ICE

Hljóðlát og naglalaus vetrardekk
Ný APS gúmmiblanda tryggir
gott grip í kulda og hita
Frábærir aksturseginnleikar



Michelin X-ICE NORTH

10% styttri hemlunarvegalengd á ís
Færri naglar en meira grip
Aukið öryggi og meiri virðing
fyrir umhverfinu



Michelin Alpin 5

Endingargöð naglalaus vetrardekk
Sérhönnuð fyrir fjölskyldu-
og borgarbíla
Mikið skorið og stefnuvirk
mynstur sem veitir frábært grip
við erfiðar aðstæður

Hjólbarðarþjónusta N1

Bildshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfríði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

Alltaf til staðar



Lionsmenn styrkja verkefnið “Lesið fyrir hund”

Lionsklúbbur Seltjarnarness afhenti félaginu Vigdís - vinum gæludýra á Íslandi veglegan styrk í verkefnið Lesið fyrir hund 30. september. Félagið Vigdís sem stofnað var árið 2013 er aðili að lestrarverkefninu R.E.A.D – Reading Education Assistance Dogs sem starfar um allan heim með um fjögur þúsund sjálfboðaliðum.

Markmið félagsins er að efla læsi barna með því að hvetja þau til undislesturs. Lestarstundir með hundi hafa reynst börnum vel, hundurinn



Myndin var tekin þegar Örn Johnson afhendir Margréti Sigurðardóttir styrkinn, á myndinni eru Ragnheiður Elin Clausen, Sigríður Bíldal, Margrét Sigurðardóttir frá félaginu Vigdís og Örn Johnson frá Lionsklúbbi Seltjarnarnes.

er góður hlustandi sem að gagnrýnir ekki barnið meðan á lestrinum stendur, heldur hjálpar því að slaka á og liggur rólegur á meðan lesið er. Sjálfboðaliðinn sem á hundinn ræðir síðan við barnið um innihald sögunnar til að aðstoða og tryggja betri lesskilning. Verkefnið Lesið fyrir hund hefur verið starfrækt á bókasöfnum og í skóla og býðst nú börnum að koma og lesa fyrir hund á bókasafni Seltjarnarness. Þess má geta að fólk gengur ekki beint inn í safnið með heimilishundinn til þess að lesa fyrir hann heldur þarf málið ákveðinn undirbúning. Væntanlegir þátttakendur þurfa að skrá sig á netfangið sigridur@nesid.is eða í síma 595 9172 þar sem hægt er að nálgast nánari upplýsingar.



Sigríður Bíldal með hundinn Viðja og Rósalind að lesa fyrir hundinn.



Bregðum birtu á skammdegið!




FLJÓTUM Í SKAMMDEGINU!

Leitum inn á við með Flothettunni. Verð: 16.400 kr. Í netsölu á www.systrasamlagid.is



MANDUKA SKARA ENNÁ FRAM ÚR!

Taj Mahal jógaðýnanna. 6 tegundir jógaðýna og fylgihlutir.



VIRDIAN ER FREMST MEÐAL JAFNINGJA

D-vítamín úr trjásveppi
Sjö daga sykurhreinun
Lífræn regnbogasilungsolía
Frábær fjölvítamínblanda
Magnesíum sítrat.
B12, B6 og allt hitt.



Hvaða orð eru þér kær?

Enn meira úrval af falletum Möntru Armböndum. Í silfri, gulli og rósagulli.



HM HAFRAGRAUTUR ALLA MORGNA!

Í boði alla virka morgna og í hádeginu. Lífrænn, glútenlaus og spíraður.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9:30 - 18.
Laugardagar: 11 - 17.

gæludýr.is

FISKISLÓÐ



**Við erum komin
í vesturbæinn!**



frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis um framboð í Suð

Við alþingiskosningar 28. október 2017 ver

A – listi Bjartrar framtíðar:

- Björt Ólafsdóttir, kt. 0203834969, ráðherra, Hvassaleiti 147, Reykjavík
- Karólína Helga Simonardóttir, kt. 2210843229, mannfræðingur, Kelduhvammí 24, Hafnarfirði
- Halldór J. Jørgensson, kt. 2504643399, framkvæmdastjóri, Hvannakri 6, Garðabæ
- G. Valdimar Valdemarsson, kt. 2105612429, framkvæmdastjóri, Hofakri 7, Garðabæ
- Ragnhildur Reynisdóttir, kt. 2111714059, markaðsstjóri, Kópaland 1, Kópavogi
- Pétur Óskarsson, kt. 2811664769, framkvæmdastjóri, Lækjargata 5, Hafnarfirði
- Unnur Hrönn Valdimarsdóttir, kt. 1901993129, hársnyrtinemi, Hofakri 7, Garðabæ
- Agnar H. Johnson, kt. 2511582749, verkfræðingur, Aflagrandá 34, Reykjavík
- Guðlaugur Þór Ingvason, kt. 2704982999, nemi, Hraunbraut 28, Kópavogi
- Baldur Ólafur Svavarsson, kt. 0309522949, arkitekt, Hlíðabyggð 14, Garðabæ
- Guðrún Elin Herbertsdóttir, kt. 2304783179, viðskiptafræðingur, Birkiholti 6, Garðabæ
- Halldór Hlöðversson, kt. 1010733869, forstöðum. félagsmiðstöðvar, Furungrund 34, Kópavogi
- Borghildur Sturludóttir, kt. 0909754479, arkitekt, Vesturgötu 12b, Hafnarfirði
- Bergþór Skúlason, kt. 0612576919, tölvunarfræðingur, Álfrólsvogi 22b, Kópavogi
- Andrés Pétursson, kt. 1108615409, ráðgjafi og forstöðum. Evrópusamtakanna, Lækjarsmára 90, Kópavogi
- Helga Björg Arnardóttir, kt. 2101774349, tónlistarmaður og tónlistarkennari, Álfaskeiði 1, Hafnarfirði
- Ragnhildur Konráðsdóttir, kt. 1610627319, ráðgjafi í upplýsingartækni, Álfrólsvogi 22b, Kópavogi
- Viðar Helgason, kt. 2003654379, fjallaleiðsögumaður, Bæjargili 1, Garðabæ
- Erling Jóhannesson, kt. 1004637419, listamaður, Holtsbúð 21, Garðabæ
- Sigurður P. Sigmondsson, kt. 2802573549, fjármálastjóri, Fjölluhlíð 14, Hafnarfirði
- Helga Bragadóttir, kt. 1803603529, dósent, Birkilási 25, Garðabæ
- Benedikt Vilhjálmsson, kt. 1309483249, ellilífeyrisþegi, Kópavogsbraut 73, Kópavogi
- Hlini M. Jóngeirsson, kt. 1808806079, kerfisstjóri, Staðarbergi 8, Hafnarfirði
- Sigurjón Kjartansson, kt. 2009685659, handritshöfundur og framleiðandi, Reynigrund 33, Kópavogi
- Ólafur Jóhann Proppé, kt. 0901427399, fv. rektor Kennaraháskólans, Vesturbæ, Garðabæ
- Theodóra S. Þorsteinsdóttir, kt. 0209695479, formaður bæjarráðs Kópavogi, Fjallalind 43, Kópavogi

B – listi Framsóknarflokks:

- Willum Þór Þórsson, kt. 1703632569, kennari og þjálfari, Bakkasmára 1, Kópavogi
- Kristbjörg Þórisdóttir, kt. 0905784569, sálfræðingur, Austurkór 90, Kópavogi
- Linda Hrönn Þórisdóttir, kt. 1004743369, leik- og grunnskólakennari, Lækjarhvammí 10, Hafnarfirði
- Páll Marís Pálsson, kt. 1105973129, háskólanemi, Dimmihvafi 10, Kópavogi
- María Júlía Rúnarsdóttir, kt. 2204755739, lögmáður, Bæjargili 97, Garðabæ
- Þorgerður Sævarsdóttir, kt. 0808665939, grunnskólakennari, Klappahlíð 24, Mosfellsbæ
- Ágúst Bjarni Garðarsson, kt. 2909872539, skrifstofustjóri, Brekkulási 5, Mosfellsbæ
- Margrét Sigmondsdóttir, kt. 0603713859, flugfreyja, Guláþingi 60, Kópavogi
- Guðmundur Hákon Hermannsson, kt. 1105932449, nemi, Viðurgund 39, Kópavogi
- Anna Auroa Waage Óskarsdóttir, kt. 0707834609, framkvæmdastjóri, Vefarstræti 24-26, Mosfellsbæ
- Bjarni Dagur Þórðarson, kt. 2810952189, háskólanemi, Lækjarhvammí 10, Hafnarfirði
- Elin Jóhannsdóttir, kt. 0302863249, háskólanemi og leikskólaeigandi, Birkiholti 5, Garðabæ
- Hákon Juhlin Þorsteinsson, kt. 1805932929, tækniskólanemi, Bakkasmára 12, Kópavogi
- Njóra Elisdóttir, kt. 1602594429, hjúkrunarfræðingur, Móabará 33, Hafnarfirði
- Ingi Már Aðalsteinsson, kt. 0912605819, fjármálastjóri, Markholti 6, Mosfellsbæ
- Helga María Hallgrímsdóttir, kt. 2301723319, sérkennari, Lyngbrekku 19, Kópavogi
- Einar Gunnar Bollason, kt. 0611434089, ökukenndi, Kópavogsgötu 5-7, Kópavogi
- Birna Bjarnadóttir, kt. 1603484969, sérfræðingur, Kópavogstöni 8, Kópavogi
- Birkir Jónsson, kt. 2407795289

- bæjarfulltrúi, Baugakór 13, Kópavogi
- Ingibjörg Björgvinsdóttir, kt. 2412563599, hjúkrunarfræðingur, Akurhvarfi 7, Kópavogi
- Kári Walter Margrétarson, kt. 0903922559, lögreglumaður, Álfrólsvogi 47, Kópavogi
- Dóra Sigurðardóttir, kt. 1407434889, hjúkrunarfræðingur, Vikurströnd 14, Seltjarnarnesi
- Eyþór Rafn Þórhallsson, kt. 2304624969, verkfræðingur og dósent, Urðarhæð 4, Garðabæ
- Ólafur Hjálmarsson, kt. 2609508279, vélfræðingur, Svólúasi 36, Hafnarfirði
- Óskar Guðmundsson, kt. 2309743229, fulltrúi í flutningstjórnum, Þverholti 9, Mosfellsbæ
- Eygló Harðardóttir, kt. 1212725719, alþingismaður, Mjósundi 10, Hafnarfirði

C – listi Viðreisnar:

- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, kt. 0410653039, sjávarútvegs- og landbúnaðarhöfðingur, Mávahrauni, Hafnarfirði
- Jón Steindór Valdimarsson, kt. 2706586609, þingmaður, Funaföld 89, Reykjavík
- Sigríður María Egilsdóttir, kt. 0111932349, háskólanemi, Hólmþingi 7, Kópavogi
- Ómar Ásbjörn Óskarsson, kt. 1707842949, markaðsstjóri, Prastarásí 14, Hafnarfirði
- Margrét Ágústsdóttir, kt. 0610576099, sölustjóri, Ástúni 6, Kópavogi
- Ari Páll Karlsson, kt. 1710972749, starfsmaður Nova, Prastarhófa 59, Mosfellsbæ
- Auðbjörg Ólafsdóttir, kt. 2812794329, yfirm. fjárfestatengsla og samskipa, Hverfisgötu 52b, Hafnarfirði
- Jón Ingi Hákonarson, kt. 2401713179, ráðgjafi, Nönnustíg 5, Hafnarfirði
- Tamar Klara Lipka Pormarsdóttir, kt. 0406972929, háskólanemi og lögregluþingmaður, Merkjateigi 6, Mosfellsbæ
- Sigurður J. Grétarsson, kt. 2704553959, prófessor, Skólubraut 14, Seltjarnarnesi
- Ásta Rut Jónasdóttir, kt. 2702745449, stjórnmálafræðingur, Hraunbrún 35, Hafnarfirði
- Sigvaldi Einarsson, kt. 0204635119, fjármálaráðgjafi, Boðþingi 6, Kópavogi
- Þórey S. Þórisdóttir, kt. 2310634129, framkvæmdastjóri og doktorsnemi, Þúfubaról 9, Hafnarfirði
- Ólafur Þórir Árnason Klein, kt. 0105962549, háskólanemi, Vogatungu 34, Kópavogi
- Sara Dögg Svanhildardóttir, kt. 2607733139, grunnskólakennari, Lynghólum 7, Garðabæ
- Gylfi Steinn Guðmundsson, kt. 2403962039, háskólanemi og stuðningsfulltrúi, Suðurgötu 25, Hafnarfirði
- Sigríður Þórðardóttir, kt. 1409705339, tölvunarfræðingur, Skjólbraut 8, Kópavogi
- Stefán A. Gunnarsson, kt. 0605805109, BA í sagnfræði, Lyngmóum 5, Garðabæ
- María Kristín Gyfadóttir, kt. 2106713829, sérfræðingur, Brekkuhvammí 4, Hafnarfirði
- Benedikt Kristjánsson, kt. 2404762109, háskólanemi, Skólaláti 5, Kópavogi
- Kristín Péturdóttir, kt. 0911658059, forstjóri, Hringbraut 59, Hafnarfirði
- Pétur Steinn Guðmundsson, kt. 1305586589, lögræðingur, Hrauntungu 35, Hafnarfirði
- Laufey Kristjánsdóttir, kt. 1101754939, félagsfræðingur, Asparásí 3, Garðabæ
- Páll Torfi Önnudarson, kt. 3003554049, yfirlæknir, Holtsvogi 45, Garðabæ
- Ólóf Kolbrún Harðardóttir, kt. 2002494969, óperusöngvari, Langhólsvogi 139, Reykjavík
- Þórður Sverrisson, kt. 2404523169, fyrrverandi forstjóri, Viðvangi 4, Hafnarfirði

D – listi Sjálfstæðisflokks:

- Bjarni Benediktsson, kt. 2601705549, forsætisráðherra, Bakkafliót 2, Garðabæ
- Bryndís Haraldsdóttir, kt. 2912763779, alþingismaður, Skeljagrandá 12, Mosfellsbæ
- Jón Gunnarsson, kt. 2109564179, ráðherra, Austurkór 155, Kópavogi
- Óli Björn Káráson, kt. 2608604619, alþingismaður, Tjarnarmýri 17, Seltjarnarnesi
- Vilhjálmur Bjarnason, kt. 2004527719, alþingismaður, Hlíðabyggð 18, Garðabæ
- Karen Elisabet Halldórsdóttir, kt. 1902744469, bæjarfulltrúi og varaþingmaður, Hvannhóla 30, Kópavogi
- Kristín María Thoroddsen, kt. 2011685469, flugfreyja og ferðamálafræðingur, Burknabergi 4, Hafnarfirði
- Katrín Ósk Ásgeirsdóttir, kt. 2405942779, laganemi og varaþingfulltrúi, Lækjarkinn 6, Hafnarfirði
- Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, kt. 0504837119, lögræðingur, Dimmuhvafi 27, Hafnarfirði
- Hrefna Kristmannsdóttir, kt. 2005443319, jarðefnafræðingur og prófessor emeritus, Látraströnd 30, Selt.

- Davíð Þór Viðarson, kt. 2404842509, viðskiptafræðingur og knattspyrnum., Kirkjubrekkur 18, Garðabæ
- Bylgja Bára Bragadóttir, kt. 2104735569, sölustjóri, Kvíslartungu 49, Mosfellsbæ
- Unnur Lára Bryde, kt. 2608715529, flugfreyja og bæjarfulltrúi, Fjólúasi 20, Hafnarfirði
- Guðmundur Gísli Geirdal, kt. 1007654899, sjómaður, Fákahvarfi 1, Kópavogi
- Þorgerður Anna Arnardóttir, kt. 2104725099, aðstoðarskólalastjóri, Móafliót 33, Garðabæ
- Bergur Þórir Benjamínsson, kt. 1502794889, viðskiptafræðingur, Eskivöllum 7, Hafnarfirði
- Marianna Hugufrún Helgadóttir, kt. 1301685319, formaður FIN, Lækjarbraut 1, Kjós
- Hilmar Jökull Stefánsson, kt. 2407952059, menntaskólanemi, Fitjasmára 3, Kópavogi
- Þórhildur Gunnarsdóttir, kt. 2502912809, verkfræðinemi og handknattleikskona, Lyngásí 1a, Garðabæ
- Kristján Jónas Svavarsson, kt. 0706715659, stálarvirkjasmíðameistari, Hverfisgötu 63, Hafnarfirði
- Sveinn Óskar Sigurðsson, kt. 2707685989, framkvæmdastjóri, Barholt 23, Mosfellsbæ
- Gyða Ragnheiður Stefánsdóttir, kt. 2011902669, lögræðingur, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi
- Ásgeir Einarsson, kt. 2003903189, stjórnmálafræðingur, Háabergi 19, Hafnarfirði
- Erling Ásgeirsson, kt. 2905457499, fv. formaður bæjarráðs, Lynghæð 1, Garðabæ
- Erna Nielsen, kt. 2109424400, fv. forseti bæjarstjórnar, Lund 1, Kópavogi
- Ragnheiður Ríkharðsdóttir, kt. 2306494999, fv. alþingismaður, Hrafnshöfða 35, Mosfellsbæ

F – listi Flokks fólksins:

- Guðmundur Ingi Kristinsson, kt. 1407557299, Stjórnarmaður Sjálfstýðingarfélags LSH, Hjalabraut 9, Hafnarfirður
- Jónína Björk Óskarsdóttir, kt. 2501532799, Forstöðum. félagsstafs aldraðra Hafnar., Engihjalla 3, Kópavogur
- Edith Alvarsdóttir, kt. 3012614119, Dagskrágerðarmaður, Fíful 29, Reykjavík
- Örn Björnsson, kt. 0904437399, Fv. útbússtjóri, Eidiðmyri 30, Seltjarnarnesi
- Inga Jóna Arnadóttir, kt. 2309673859, Nemi, Rjúpnasalir 2, Kópavogur
- Skúli B. Barker, kt. 1602645519, Verkfræðingur, Háksotsvör 10, Álftanes
- Steinnunn Halldóra Axelsdóttir, kt. 2912972509, Nemi, Tröllateig 45, Mosfellsbæ
- Jón Kr. Brynjarsson, kt. 2108524689, Fv. atvinnubílstjóri, Fjólúasi 28, Hafnarfirður
- Ósk Matthíasdóttir, kt. 0809795769, Förunarameistari, Herjólfsgata 34, Hafnarfirður
- Halldór Már Kristmundsson, kt. 0307882579, Sölufulltrúi, Fannborg 7, Kópavogur
- Valborg Reynisdóttir, kt. 2804593649, Fristundafulltrúi, Sléttuhraun 23, Hafnarfirður
- Bjarni G. Steinarsson, kt. 2010675109, Kjöfubílstjóri, Hjalabraut 9, Hafnarfirður
- Ingibjörg Dóra Bjarnadóttir, kt. 0206863089, Nemi, Hörðukór 2, Kópavogur
- Viðar Snær Sigurðsson, kt. 0807723359, Sjómaður, Furungrund 60, Kópavogur
- Álfhildur Gestsdóttir, kt. 1110427999, Húsmóðir, Hlíðarvegur 22, Kópavogur
- Steinþór Hilmarsson, kt. 1903512119, Fv. rannsóknarlögreglumaður, Efstihjalli 21, Kópavogur
- Valdís Guðmundsdóttir, kt. 3005524129, Leikskólakennari, Klappahlíð 13, Mosfellsbæ
- Sigurður Bárðarson, kt. 2409513559, fv. framkvæmdarstjóri, Glæðheimar 18, Reykjavík
- Bjarni V. Bergmann, kt. 1804674249, Atvinnubílstjóri, Heiðarholt 8, Reykjanesbær
- Arnar Ávarsson, kt. 1107684789, Ráðgjafi, Hrauntungu 59, Kópavogur
- Gunnar Þ. Þórhallsson, kt. 1801357319, Vélfræðingur, Strandvegur 2, Garðabær
- Sigurður Steingrímsson, kt. 0107494419, Bílstjóri, Bjarkarás 5, Garðabær
- Einar Magnússon, kt. 1202555339, Rafvirkji, Suðurgata 106, Hafnarfirður
- Baldur Freyr Guðmundsson, kt. 0202852199, Nemi, Hjalabraut 9, Hafnarfirður
- Fríðleifur Einarsson, kt. 0809624959, Sjómaður, Gesthúsvör 4, Álftanes
- Jón Númi Ástvaldsson, kt. 3010544329, Verkamaður, Berjahlíð 3, Hafnarfirður

M – listi Miðflokksins:

- Gunnar Bragi Sveinsson, kt. 0906684129, þingmaður og fv. ráðherra, Bárustíg 13, Sauðárkrúkur

Ýsing

Suðvesturkjördæmi við alþingiskosningar 28. október 2017

Það þessir listar í kjöri í Suðvesturkjördæmi:

- Una María Óskarsdóttir, kt. 1909627849
menntunar- og lýðheilsufræðingur, Hjallabrekku 34, Kópavogur
- Kolfinna Jóhannesdóttir, kt. 211063579
doktorsnemi, Norðurtungu 1, Borgarnes
- Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, kt. 0904785409
Sjálfstætt starfandi, Góðarkri 2, Garðabær
- Anna Bára Ólafsdóttir, kt. 3006658299
framkvæmdastjóri, Dalakri 5, Garðabær
- Sigurður Þórður Ragnarsson, kt. 1302674599
náttúruvísindamaður, eigin rekstur, Einibergi 23, Hafnarfjörður
- Halldóra Magný Baldursdóttir, kt. 2105603439
fulltrúi gæðamála hjá OR, Skeljatanga 13, Mosfellsbær
- Tómas Ellert Tómasson, kt. 2011703979
byggingarverkræðingur, Arnarhrauni 4, Hafnarfjörður
- Sigurjón Kristjánsson, kt. 2012694319
tryggingaráðgjafi, Þverholti 15, Mosfellsbær
- Kristín Agnes Landmark, kt. 2808863279
leikkona, Drekaúllum 18, Hafnarfjörður
- Órn Bergmann Jónsson, kt. 04089036199
kaupmaður og háskólanemi, Briartartúni 34, Reykjavík
- Porsteinn Hranar Svavarsson, kt. 2507953279
nemi, Vesturvangi 44, Hafnarfjörður
- Svavar Þorsteinsson, kt. 0610653189
framkvæmdastjóri, Vesturvangi 44, Hafnarfjörður
- Þórarinn Þórhallsson, kt. 2110567119
mjólkurfræðingur, Smyrlahrauni 6, Hafnarfjörður
- Einar Baldursson, kt. 2508492499
kennari, Hlíðarhjalla 51, Kópavogur
- Árni Þórður Sigurðarson, kt. 2309922909
tollvörður, Einibergi 23, Hafnarfjörður
- Karl Friðrik Jónasson, kt. 1406754319
matreiðslumeistari, Flókagötu 12, Reykjavík
- Gísli Sveinbergsson, kt. 2009443489
málarameistari, Skipalóni 5, Hafnarfjörður
- Sigrún Aspelund, kt. 1104464629
skrifstofumaður, Arnarásí 16, Garðabær
- Jónas Henning Óskarsson, kt. 2512902889
starfsm. fangelsismálastofnunar, Langeyrarvegi 1 Hafnarfjörður
- Ingvar Sigurðsson, kt. 0301705719
framkvæmdastjóri, Miðvangi 107, Hafnarfjörður
- Friðrik Ólafsson, kt. 2303592459
verkfræðingur, Hörðaland 4, Reykjavík
- Skúli Þór Alexandersson, kt. 2505604279
vangstjóri hjá Strætó bs., Flatahrauni 7, Hafnarfjörður
- Stefán Bjarnason, kt. 1310647999
framkvæmdastjóri, Dalakri 7, Garðabær
- Nanna Hálfánardóttir, kt. 2805334169
frankvöðull og líffeyrisþegi, Selvogsgötu 6, Hafnarfjörður
- Sigurjón Órn Þórssón, kt. 1103674149
framkvæmdastjóri Kringlunnar, lðalind 4, Kópavogur

P – listi Pírata:

- Jón Þór Ólafsson, kt. 1303774089
Þingmaður, Ólafsgesili 18, Reykjavík
- Oktavía Hrunn Jónsdóttir, kt. 0703794659
Ráðgjafi, Ljósavallagata 8, Reykjavík
- Dóra Björt Guðjónsdóttir, kt. 1906882599
Alþjóðfræðingur, Rafstöðvarvegur 29, Reykjavík
- Andri Þór Sturluson, kt. 2702842139
Grínisti, Sjávargrund 2b, Garðabær
- Gígja Skúladóttir, kt. 0503842849
Geðhjúkunarfræðingur, Hringbraut 86, Reykjavík
- Hákon Helgi Leifsson, kt. 2607786099
Sölumaður, Tröllakör 5-7, Kópavogur
- Kristín Vala Ragnarsdóttir, kt. 2703547269
Prófessor, Grenibýggð 30, Mosfellsbær
- Þór Saari, kt. 0906608299
Hagfræðingur, Breiðabólstaður, Garðabær
- Elin Ýr Amar Hafðisardóttir, kt. 0412763559
Proskapjálfi, Skipalón 23, Hafnarfjörður
- Grímur Friðgeirsson, kt. 0803683989
Rafeindateknifræðingur, Eiðismýri 28, Seltjarnanes
- Halldóra Jónasdóttir, kt. 0701745109
Flugmaður, Barónsstíg 65, Reykjavík
- Bjartur Thorlacius, kt. 2112952019
Hugbúnaðarsérfræðingur, Lundarbrékku 10, Kópavogur
- Kári Valur Sigurðsson, kt. 2507705109
Pípari, Breiðvangur 54, Hafnarfjörður
- Valgeir Skagfjörð, kt. 0805564119
Leikari, markþjálfari og framhaldsskólakennari Hlíðarvegi 50, Kóp.
- Sigurður Erlendsson, kt. 1805603279
Kerfisstjóri, Engihjalli 25, Kópavogur
- Lárus Vilhjálmsson, kt. 1502612449
Leikhússtjóri, Álfagarður í Kjós, Mosfellsbær
- Guðmundur Karl Karlsson, kt. 0910825359
Hugbúnaðarsérfræðingur, Dvergholti 21, Hafnarfjörður
- Ragnheiður Rut Reynisdóttir, kt. 0402804489
Leiðbeinandi á leikskóla, Tröllakör 5-7, Kópavogur
- Hallur Guðmundsson, kt. 1207703739
Samskipta og miðunarfræðingur, Álfaskeiði 43, Hafnarfjörður
- Hermann Haraldsson, kt. 3108962099
Forritari, Hæðarsel 2, Reykjavík
- Maren Finnsdóttir, kt. 2206693009
Óperusöngkona og leiðsögumaður, Austurströnd, Seltjarnanes

- Arnar Snæberg Jónsson, kt. 0508775829
Eins manns þónksveitinn Hemúllinn, Vesturbraut 19, Hafnarfjörður
- Hildur Þóra Hallsdóttir, kt. 0708982099
Nemi, Álfaskeiði 43, Hafnarfjörður
- Björn Gunnlaugsson, kt. 0302694039
Verkfnefingur, Miðbraut 17, Seltjarnanes
- Ýmir Vésteinsson, kt. 0803723349
Lyfjafraeðingur, Breiðvangur 64b, Hafnarfjörður
- Jónas Kristjánsson, kt. 0502403559
Eftirlaunamaður, Brúnavegi 9, Reykjavík

R – listi Alþýðufylkingarinnar:

- Erna Lína Örnudóttir Baldvinsdóttir, kt. 0707982049
Háskólanemi, Bjarkaveilir 5e, Hafnarfjörður
- Porvarður Bergmann Kjartansson, kt. 0203922749
Tölvunarfræðingur, Garðaföt 11, Garðabær
- Guðmundur Smári Sighvatsson, kt. 1504655839
Byggingafræðingur, Lómatjörn 12, Reykjanesbær
- Sigrún Erlingsdóttir, kt. 1712922399
Flugfreyja, Hjallabraut 43, Hafnarfjörður
- Einar Andrésón, kt. 1903903229
Stuðningsfulltrúi, Ásgarður 14, Reykjavík
- Maricris Castillo de Luna, kt. 2011802369
Grunnskólakennari, Fjarðarsel 35, Reykjavík
- Erla María Björgvinsdóttir, kt. 0905942819
Verkamaður, Fannborg 7, Kópavogur
- Guðjón Bjarki Sverrisson, kt. 1702533029
Stuðningsfulltrúi, Selvogsgata 26, Hafnarfjörður
- Alina Vilhjálmisdóttir, kt. 2302934499
Hönnuður, Garðaföt 11, Garðabær
- Kári Þór Sigríðarson, kt. 2207653939
Búfræðingur, Merkgil 22, Akureyri
- Sigurjón Þórssón, kt. 2105862969
Tæknifræðingur, Klapparstíg 9, Hvammstanga
- Tómas Númi Helgason, kt. 2011962999
Atvinnulaus, Sunnubraut 6, Reykjanesbær
- Sveinn Elías Hansson, kt. 0607617799
Húsasmiður, Sólheimum 40, Reykjavík
- Sigurjón Sumarliði Guðmundsson, kt. 2610892709
Nemi, Seljabraut 22, Reykjavík
- Bergdís Lind Kjartansdóttir, kt. 2112962089
Nemi, Engihjalla 17, Kópavogur
- Viktor Penalver, kt. 2408912049
Öryrki, Þúfuþarði 17, Hafnarfjörður
- Stefán Hlifar Gunnarsson, kt. 1509973569
Fakstjóri, Lækjamó 29, Sandgerði
- Egill Fannar Ragnarsson, kt. 2002913019
Hlaðmaður, Borgarvegur 3, Reykjanesbær
- Kolbrún Ósk Óskarsdóttir, kt. 2412534069
Tónlistarkennari, Trönuhjalla 7, Kópavogur
- Bjarki Aðalsteinsson, kt. 1406952389
Atvinnulaus, Fífumó 3b, Reykjanesbær
- Patrick Ingi Þór Sischka, kt. 0509903119
Öryrki, Klausturstíg 1, Reykjavík
- Bjarni Júlíus Jónsson, kt. 2007993059
Pizzasendill, Svölutjörn 42, Reykjanesbær
- Gunnjón Gestsson, kt. 2108903439
Leiðbeinandi, Álfamýri 24, Reykjavík
- Vilhjálmur Hjaltalin Jónsson, kt. 2407745429
Stuðningsfulltrúi, Nónhæð 4, Garðabær
- Axel Þór Kolbeinsson, kt. 0112785159
Öryrki, Háaleitisbraut 39, Reykjavík
- Guðmundur Magnússon, kt. 0607474829
Leikari, Reynimel 64, Reykjavík

S – listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands:

- Guðmundur Andri Thorsson, kt. 3112576419
Rithöfundur, Blikastíg 14, Álfanes
- Margrét Tryggvadóttir, kt. 2005725219
Bókmenntafræðingur, Reynihvamm 22, Kópavogi
- Adda María Jóhannsdóttir, kt. 0703675569
Framhaldsskólakennari og bæjarfulltrúi, Skógarhlíð 7, Hafnarf.
- Finnur Beck, kt. 1506755539
Lögfræðingur og Stjórnmalafraeðingur, Reynimel 92, Reykjavík
- Sigurþóra Bergsdóttir, kt. 2103725399
Vinnusálfræðingur, Nesvegi 123, Seltjarnarnesi
- Simon Örn Birgisson, kt. 2408842599
Dramaturgur, Blómvangi 15, Hafnarfirði
- Gunnar Helgason, kt. 2411654269
Leikari og Rithöfundur, Stekjarhvamm 23, Hafnarfirði
- Steinunn Dögg Steinsen, kt. 0203793409
Verkfnefingur, Hjallahlíð 5, Mosfellsbær
- Erna Indriðadóttir, kt. 2512524919
Fjölmiðlamaður, Nýhöfn 1, Garðabær
- Hjálmar Hjálmarsson, kt. 2808632709
Leikari og Leikstjóri, Reyngindur 83, Kópavogi
- Kolbrún Þorkelsdóttir, kt. 0811754549
Lögfræðingur, Blásólum 20, Kópavogi
- Kjartan Due Nielsen, kt. 0309753919
Verkfnefingur, Brattholti 21, Mosfellsbær
- Margrét Kristmannsdóttir, kt. 2402624449
Framkvæmdastjóri, Engjasmára 9, Kópavogi
- Hafsteinn Karlsson, kt. 0610563279
Skólastjóri, Naustavör 4, Kópavogi
- Gerður Aagot Árnadóttir, kt. 0706644109
Læknir, Brautarlandi 15, Reykjavík
- Óskar Steinn Ómarsson, kt. 0907942489
Stjórnmalafraeðinemi og ritari, Kirkjuvegi 11b, Hafnarfirði
- Margrét Hildur Guðmundsdóttir, kt. 1211814449
Deildarstjóri, Hverfisgtu 61, Hafnarfirði
- Práinn Hallgrímsson, kt. 0702483609
Skrifstofustjóri Eflingar, Helgubraut 13, Kópavogi
- Ýr Gunnlaugsdóttir, kt. 1511633439
Viðburðastjóri, Andahvarfi 5, Kópavogi
- Gísli Geir Jónsson, kt. 0701492739
Verkfnefingur, Nýhöfn 5, Garðabæ
- Stjórnmalafraeðingur, Hómatúni 31, Álfanes
- Stefán Bergmann, kt. 0207424889
Lífraeðingur og f.v. dósent við HÍ, Hamarsgötu 2, Seltjarnarnesi
- Jóhanna Axelsdóttir, kt. 0212433299
Kennari, Burknaveillum 17a, Hafnarfirði
- Ingvar Júlíus Viktorsson, kt. 0904427599
Kennari og f.v. bæjarstjóri í Hafnarfirði, Svöluhrauni 15, Hafnarf.
- Rannveig Guðmundsdóttir, kt. 1509404789
F.v. bæjarfulltr., alþingismaður og ráðherra, Hlíðarvegi 61, Kóp.
- Árni Páll Árnason, kt. 2305665939
Lögfræðingur, f.v. alþingism. og ráðherra, Túngötu 36a, Rvk.

V – listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs:

- Rósa Björk Brynjólfssdóttir, kt. 0902755189
Alþingismaður, Ásvallagata 23, Reykjavík
- Ólafur Þór Gunnarsson, kt. 1707634409
Óldrunarlæknir, Þinghólsbraut 32, Kópavogur
- Una Hildardóttir, kt. 0308912529
Upplysingafultrúi, Álfatossvegur 31, Mosfellsbær
- Fjólín Sæmundsson, kt. 2601705709
Lögreglufultrúi, Lækjarkinn 10, Hafnarfjörður
- Ester Bibi Ásgeirsdóttir, kt. 3012755879
Starfsmaður Kvikmyndasafns Ísl., Langeyrarvegur 3, Hafnarf.
- Margrét Pétursdóttir, kt. 0311662929
Aðstoðarmaður Tannlæknis, Hringbraut 63, Hafnarfjörður
- Amid Derayat, kt. 0506643099
Lífraeðingur, Mánabraut 15, Kópavogur
- Gunnar Árnason, 0405693919
Framkvæmdastjóri, Brekkugata 14, Hafnarfjörður
- Kristrún Birgisdóttir, kt. 2910678679
Sérfræðingur í framhaldsskólumálum, Smyrlahraun 28, Hafnarf.
- Kristján Ketill Stefánsson, kt. 1102795909
Framkvæmdastjóri, Ástún 10, Kópavogur
- Þóráð Dröfn Andrésdóttir, kt. 1105972159
Starfsmaður og ritstjóri UVG, Stekjarhvammur 15, Hafnarf.
- Helgi Hrafn Ólafsson, kt. 2401882289
Íþróttafraeðingur, Ásbraut 19, Kópavogur
- Kristín Helga Gunnarsdóttir, kt. 2411632459
Rithöfundur, Einilundur 8, Garðabær
- Kristbjörn Gunnarsson, kt. 0807743119
Tölvunarfræðingur, Melás 5, Garðabær
- Guðbjörg Sveinsdóttir, kt. 1108544639
Geðhjúkunarfræðingur, Trönuhjalli 13, Kópavogur
- Árni Stefán Jónsson, kt. 1912513349
Formaður SFR, Stuðlaberg 110, Hafnarfjörður
- Bryndís Brynjarsdóttir3003684259
Myndlistarmaður, Fellsás 9a, Mosfellsbær
- Sigurbjörn Hjaltason, kt. 1006585429
Bóndi, Kíðafell 2, Mosfellsbær
- Ragnheiður Gestsdóttir, kt. 0105533269
Rithöfundur, Lækjargata 12, Hafnarfjörður
- Þórir Steingrímsson, kt. 2408463579
Formaður Heilahléila, Hraunbraut 22, Kópavogur
- Elva Dögg Ásúðóttir Kristinsdóttir, kt. 2103695979
Bæjarfulltrúi og lögmaður, Austurgata 41, Hafnarfjörður
- Magnús Joel Jónsson, kt. 05108922009
Hafravellir 3, Hafnarfjörður
- Þóra Elfa Björnsón, kt. 0506397469
Setjari, Skólagerði 41, Kópavogur
- Grímur Hákonarsson, kt. 0803774019
Leikstjóri, Framnesvegur 34, Reykjavík
- Þuríður Backman, kt. 0801484539
Fyrirverandi Alþingismaður, Bjarnhólastíg 2, Kópavogur
- Ógmundur Jónsson, kt. 1707484099
Fyrirverandi Alþingismaður, Grímshagi 6, Reykjavík

Fyrir okkur öll

Þann 28. október verður gengið til kosninga, aftur. Einn dag vantar þá uppá að nákvæmlega ár sé síðan kosið var síðast þar sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk 21 af 63 þingsætum. Í Kraganum fékk flokkurinn 34% atkvæða og Seltirningar létu ekki sitt eftir liggja enda eru þeir, ólíkt Reykvikingum, vanir skynsamlegum opinberum rekstri sjálfstæðismanna frá stofnun bæjarfélagsins.

Staðan nú að ári liðnu

Fólk finnur hvernig laun og kaupmáttur hafa stóraukist, vöruverð lækkað samfara afnámi tolla og vörugjalda, efnahagstöðugleika og styrkingu krónu. Eignaverð og eigið fé heimila hefur rokið upp og sparnaður heimila stóraukist. Verðbólga mælist um 1,5% og flytja þarf inn vinnuafli því atvinnuleysi er undir 2%. Stýrivextir hafa lækkað í 4,25% og íbúðavextir aldrei verið lægri. Skuldir ríkisins fara hratt lækkað. Meðallaun í landinu er 670.000 krónur á mánuði, ein þau hæstu í heimi. Á sama tíma er eigna- og tekjujöfnuður skv. alþjóðlegum mælikvörðum (GINI, OECD) einn sá mesti. Aðeins Sviss greiðir hærrí timalaun! Búið er í haginn fyrir aukin sóknartækifæri með niðurgreiðslu skulda í stað þess að eyða í vexti. Lánshæfismat hækkar. Arðgreiðslur úr ríkisbönkunum (sem þarf að selja) og Landsvirkjun eru svo auka tugmilljarða bónus sem nota á í uppbyggingu innviða.

En hvað vill

Sjálfstæðisflokkurinn gera betur?

Sjálfstæðisflokkurinn vill lækka tekjuskatt í 35% og lækka tryggingagjald sem er í engu samræmi við atvinnuleysi. Flokkurinn vill leiðrétta frítekjumark eldri borgara strax í 100.000 kr. á mánuði og stórauka framlög til hjúkrunarheimila, líkt og það sem

nú rís á Nesinu. Sjálfstæðisflokkurinn vill hækka greiðslur í Fæðingarorlofssjóð til samræmis við meðallaun í landinu og taka upp námsstyrkjakkerfi með 65.000 kr. styrk á mánuði.

Flokkurinn vill auka fríverslun en ekki ganga í Evrópusambandið sem er í upplausn, ekki síst eftir útgöngu Breta. Framlög til heilbrigðismála hafa hækkað úr 133 milljörðum árið 2012 í 193 milljarða í ár (45%). Stefnan er sett á að lækka kostnað sjúklinga enn frekar og efnahagur fólks má aldrei vera hindrun fyrir bata. Nýtt sjúkrahús rís og áhersla verður á tækninýjungar í heilbrigðiskerfinu og mun betra aðgengi verður að sálfræðipjónustu.

Sá á kvölinn ...

Eftir upphlaup sem á sér fá fordæmi í stjórnmálasögu landsins, og er þó af nægu skringilegu að taka, stendur fólk nú frammi fyrir því að kjósa sér framtíð til fjögurra ára (vonandi!) sem það vill vera sátt við og þurfa alls ekki að hafa áhyggjur af. Kjósum það sem hefur reynst okkur vel á síðustu misserum og reyndar áratugum, kjósum festuna en ekki sundrungu, kjósum Sjálfstæðisflokkinn – fyrir okkur öll.

Magnús Örn Guðmundsson
Viðskiptafræðingur og
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Nesfréttir
www.borgarblod.is



Magnús Örn
Guðmundsson.

Börninn okkar

Það er margt sem bendir til að börnin okkar muni verða betri en okkar kynslóð. Þau verða menntaðri, félagslega meðvitaðri og að því ég held betri við hvort annað.

Það er líka ýmislegt sem bendir til að þó að þau hafi aldrei verið líkamlega heilbrigðari, drekki minna og reyki minna sem dæmi, þá sé eitthvað sem veldur því að kvíði og vanlíðan eykst meðal ungmenna.

Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun hefur fjöldi ungs fólks undir 30 ára á örorkulífeyri og endurhæfingarlífeyri tvöfaldast frá árinu 2000. Algengasta orsök örorku eru geðraskanir. Aðrar birtingarmyndir vandans eru mikið brottfall úr framhaldsskólum, aukinn kvíði ungs fólks, vímuefnaneysla og svo eru ungu mennirnir okkar að deyja, sjálfsvíg ungra karla er sorglegasta birtingarmynd þessarar vanlíðunar.

Ég sat ráðstefnu sem Geðhjálp stóð fyrir sem kallaðist Börnin okkar. Þar var fullt út úr dyrum og komust færri að en vildu. Ráðstefnuna sátu allar þær fagstéttir sem með þessi mál fara. Það er augljóst að áhugi á geðheilsu barnanna okkar er gríðarlegur um þessar mundir.

Það sem þarna kom fram er að atlæti barna og ungmenna skiptir höfuðmáli varðandi heilsu á seinni árum. Börn sem lenda í áföllum s.s. ofbeldi sem ekki er unnið með, eru mun líklegri til að hafa lakari lífsgæði á fullorðinsárum, líklegri til að þjást af vanheilsu, bæði líkamlegri og andlegri, líklegri til að verða fíkn að brád og svo framvegis. Við sem samfélag höfum ekki náð að halda utan um þessi ungmenni og koma í veg fyrir þessar ömurlegu afleiðingar.

Þetta er ekki mannauðsvandamál. Ég hef persónulega reynslu með drenginn minn og í kjölfarið talað við ótalmarga aðstandendur en einnig fagfólk

á þessum vettvangi. Ég veit að það er gríðarlega mikið af góðu fólki með mikla þekkingu og reynslu innan kerfis. Sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, lækningar, kennarar, iðjuþjálfar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar og fleiri leggja sig fram, vilja gera það allra besta. En uppbygging kerfis, álag og fjárskortur auk skorts á samvinnu milli fagstétta og kerfa gerir það að verkum að ekki næst utan um vandamálin með heildstæðum hætti.

Þetta er kerfisvandamál sem við í Samfylkingunni viljum svo sannarlega breyta og bæta.

Við eigum innviðina, við eigum fagfólkið og við eigum peningana. Enda mun hver króna sem fer í slík verkefni skila sér margfalt til baka.

Samfylkingin hefur lagt fram metnaðarfulla áætlun gegn ofbeldi hvers konar þar sem lagt er til stóratæk í forvörnum en einnig að leggja fjármuni í að vinna með afleiðingar ofbeldis. Við viljum vinna markvisst að geðheilbrigðisstefnu til framtíðar og leggjum áherslu á að geðheilbrigði fari inn í starf skóla, sem dæmi viljum við að það verði sálfræðingar í öllum framhaldsskólum.

Við erum kappsöm og bjartsýn á að það megi ná miklum árangri í að hlúa betur að ungu kynslóðinni sem er framtíðin, okkur öllum til heilla.

Sigurþóra Bergsdóttir er
vinnusálfræðingur og
situr í 5. sæti Samfylkingarinnar
í Suðvestur kjördæmi.



Sigurþóra
Bergsdóttir.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utforin.is



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Hópmyndin er tekin upp á Reykjarhóli fyrir ofan Varmahlíð.

Fermyngarbörn á ferð um Skagafjörð

Hópur fermyngarbarna af Seltjarnarnesi hélt í ferð til Skagafjarðar dagana 8. og 9. október.

Hópurinn gisti á Löngumýri og fór í Víðimýri og heim að

Hólum þar sem sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup og sr. Gylfi Jónsson tóku á móti honum. Fermyngarbörnin af Nesinu hittu fermyngarbörnin af Sauðárkróki enda eru söfnuðirnir vinasöfnuðir.

Gamla bæjarhúsið Bygggarðar



Á þessum stað vestast á Seltjarnarnesi stóð bæjarhúsið „Bygggarðar“ en húsið var fjarlægð árið 1983. Þarna er skemmtilegur áningarstaður fyrir fjölskylduna sem aðra á gönguferðum um Nesið.



50.000 króna tómstundastyrkur

Foreldrar og forráðamenn sex til átján ára barna með lögheimili á Seltjarnarnesi fá **50.000 króna tómstundastyrk á ári** vegna þátttöku í skipulögðu frístundastarfi 2017.

Tómstundastyrkurinn flyst ekki á milli ára.

Athugið að ráðstöfun tómstundastyrkja er nú rafræn.

Ekki er nú lengur tekið á móti kvittunum í þjónustuveri bæjarins.

Nánari upplýsingar á www.seltjarnarnes.is sjá Mínar síður.

Nýr sviðstjóri menningar- og samskipta hjá Seltjarnarnesbæ

María Björk Óskarsdóttir hefur verið ráðin í starf sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs hjá Seltjarnarnesbæ. María Björk lauk cand.oecon prófi frá Háskóla Íslands auk þess að ljúka námi í ACC Markþjálfun og PMD stjórnendanámi frá Háskólanum í Reykjavík.

María Björk starfaði í 12 ár á auglýsingastofu sem markaðsstjóri og ráðgjafi og í 5 ár hjá Landsbankanum sem sérfræðingur á markaðssviði og sem framkvæmdastjóri sérverkefna.

Sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs ber ábyrgð á rekstrarlegum og stjórnunarlegum þáttum sviðsins. Hún hefur yfirumsjón með stefnumótunavinnu og markmiðasetningu auk markaðs- og kynningarmála og skipulagningu viðburða á vegum bæjarins.

María Björk er gift Þór Sigurgeirssyni og eiga þau fjögur börn á aldrinum 7 ára til 19 ára.



Heilbriggt atvinnulíf

Jafnaðarmenn eru ekki á móti því að fólk verði auðugt af dagnaði sínum og útsjónarsemi. Öðru nær. Um að gera – það á að greiða götu lítilla og meðalstórra fyrirtækja svo að þau vaxi og dafni, eigendum sínum, starfsfólki og samfélaginu öllu til hagsbóta. Þess vegna viljum við meðal annars lækka tryggingargjald.



Guðmundur Andri Thorsson.

Það er hins vegar ekki hugsjónamál okkar jafnaðarmanna að menn geti orðið auðugir hvað sem það kostar öll hin.

Okkur finnst ekki rétt fólk hagnist á því að vera í einokunarstöðu við að selja okkur varning sem við verðum að kaupa. Okkur finnst ekki sanngjarnt að menn fái úthlutað ókeypis einkaaðgangi að sameiginlegum auðlindum og fari svo að selja öðrum aðgang að þessum einkarétti – jafnvel að veðsetja hann fyrir gríðarlegar fjárhæðir sem eru svo faldar í skattaskjólum. Við erum ekki hrifin af skattaskjólum. Við erum ekki hrifin af kúlulánakapitalisma. Við erum ekki hrifin af gervivaxtarbólum sem springa fyrir en varir með hörmulegum afleiðingum fyrir aðra en þá sem blésu út bólurnar. Við erum ekki hrifin af því að fólk raki saman auði á því að hagnast á veikindum annarra, eða hinu að kenna forréttindabörnum forréttindafræði á meðan hið almenna kerfi sé fjársvelt.

Fólk á að njóta sín

Okkur dreymir um heilbriggt atvinnulíf þar sem sníkjulífsóværan nær ekki að þrífast og reglugerðir koma í veg fyrir einokun og fjárryksugur. Við viljum að dafni bílaverkstæði og bókaútgáfur, forritun, ferðabjónusta og matvælagarð, blómabúðir, álfaleiðsögn og stjórnumskoðun – og yfirleitt hvað það sem fólk hugkvæmist að nota hæfileika sína í. Því að hugsjón jafnaðarmanna er sú að fólk njóti sín. Velferðarkerfið og vanrækt innviði ætlum við að fjármagna með auðlindagjöldum, að norskrir fyrirmynd. Við ætlum að hækka skatta á stóreignafólk en lækka þá á venjulegt launafólk. Um þetta meðal annars snýst pólitík: hvernig við skiptum gæðunum.

Guðmundur Andri Thorsson
Oddviti Samfylkingarinnar
í SV kjördæmi

Húsnæði til leigu á Eiðistorgi, 2. hæð



Upplýsingar í s. 895 5457
gunnar@fjallatindar.is

Nesfréttir

Auglýsingasími: 511 1188

Arna ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.
Eiðistorgi 15 (þar sem Blómastofan var áður)
facebook.com/arnaisogkaffi



Heilbrigð sál í hraustum líkama

Í kosningum undanfarinna missera hefur mikið verið rætt um stöðugleika. Þá er oftast vísað til efnahagslegs stöðugleika og hann er sannarlega mikilvægur og til þess fallinn m.a. að verja aukinn kaupmátt. Þá er efnahagslegur stöðugleiki mikilvægur atvinnulífinu við áætlanagerð og jafnframt grundvöllur þess að heimili og atvinnulíf hafi mátt og þor til að hreyfa sig, vera skapandi og stuðla þannig að nýsköpun, rannsóknum og þróun til framtíðarhagvaxtar.

Stöðugt stjórnarfar

Í komandi kosningum verður kosið um stöðugra stjórnarfar og þar hlýtur traust að skipta öllu máli hverjum treystum við fyrir þeim brýnu verkefnum sem liggja fyrir, að styrkja heilbrigðis, samgöngu, mennta og velferðarmál. Við Framsóknarmenn teljum mikilvægt að nota hluta af ríflegum afgangi ríkissjóðs til þess að fara í þessi verkefni, samhliða því að greiða áfram niður skuldir ríkissjóðs.

Til þess að ná þessu þurfum við samhliða að efla samtalið og samvinnuna við fólkið á vettvangi og bæta þannig alla stefnumótun í þessum málaflokkum, ekki hvað síst í heilbrigðismálum

Forvarnir og bætt lýðheilsa

Fjölmargar rannsóknir staðfesta að skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf barna og unglinga dregur úr hvers konar frávikshegðun og hefur jákvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra, heilsu og almenna líðan auk þess sem aukin hreyfing dregur úr sjúkdómum og hefur jákvæð áhrif á skólastarf og vinnumarkað. Við framsóknarmenn viljum endurgreiða virðisaukaskatt til viðhalds og uppbyggingar mannvirkja sem falla undir íþrótta- og æskulýðsstarf. Það er hluti af forvörnum á sviði heilbrigðismála, markmiðum um bættu lýðheilsu og dregur til lengri tíma úr álagi og kostnaði við heilbrigðiskerfið.

Við viljum taka þátt í félagshyggjustjórn þar sem bætt lýðheilsa, forvarnir, íþrótta- og æskulýðsstarf er meðal annarra brýnna mála í öndvegi.

Willum Þór Þórsson, skipar 1. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi



Willum Þór Þórsson.

AUKINN STUÐNING VIÐ

ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARF

GETUM VIÐ EKKI ÖLL VERIÐ

SAMMÁLA UM ÞAÐ?



Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018**.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Í umsókninni skulu koma fram itarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „Bæjarlistamaður 2018“ eða á netfangið maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is fyrir 25. nóvember.

Menningarnefnd Seltjarnarness



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Haustið hefur farið vel af stað í félags- og tómstundastarfinu. Góð þátttaka á öllum námskeiðum og í dagskránni almennt. Í septembermánuði var farið í ferð um Kjósina, Hvalfjörðinn og á Bjarneyjarsand. Eins og venjulega þegar farið er í ferðir var veðrið milt og fallett þannig að það var hægt að njóta útsýnisins og haustlitanna.

Guðbjörg Hannesdóttir sem ættuð er úr Kjósinni var leiðsögumaður um sitt svæði og var gaman að fræðast um ábúendur og búskaparhætti í gegnum tíðina. Vel var tekið á móti hópnum með leiðsögn í Hvalstöðinni og í kampinum og svo enduðum við ferðina í kaffi á Bjarneyjarsandi, en þar er rekin ferðaþjónusta með búskapnum. Góður dagur.

Þann 28. september var haldinn haustfagnaður í salnum á Skólabrautinni. Grillvagninn sá um matinn og var hann eins og ávallt mjög góður. Guðmundur Símonarson tónlistarmaður stjórnaði fjöldsöng ásamt því að leika fyrir dansi og halda uppi skemmtilegri stemningu.

Síðasta miðvikudag hvers mánaðar er svo samvera með yngri og eldri í Selinu og þeir sem þar taka þátt eru afar ánægðir. Sunnudagskvöldið 1. október var farið í Þjóðleikhúsið þar sem boðið var upp á sýninguna Með fulla vasa af grjóti sem var áhugavert og einstaklega vel leikið verk.

Allir föstu liðirnir halda sínum tímasetningum í október, en vert er þó að minna á að bridds námskeiðinu sem komið var af stað í Eiðismýri í september er lokið og í kjölfarið á því hefur verið stofnaður briddsklúbbur. Til að byrja með verður spilað tvisvar í viku í Eiðismýri 30, þ.e. þriðjudaga og föstudaga kl. 13.30 og eru allir velkomnir. Mjúk-leikfimin hjá Kriztínu í Hreyfilandi hefur farið ágætlega af stað og þær konur sem eru með, eru afar ánægðar. Þess má geta að bæjarfélagið tekur þátt í gjaldi fyrir eldri borgara. Tímarnir í Hreyfilandi eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12.00. Snrytivörkunnging var í salnum miðvikudaginn 4. október og voru margar konur sem gerðu góð kaup, þar sem tilbóð var á öllum vörum. Mánudaginn 9. október fengum við heimsókn frá 4 árs hjúkrunarnema sem hélt fræðsluerindi um mikilvægi hreyfingar fyrir eldri borgara. Félagsvist fimmtudaginn 5. október og bingó 12. október. Félagstarf eldri bæjarbúa tók þátt í menningarhátíðinni 12-15 okt. með opnu húsi á alla dagskrárlíði sem í boði voru þá daga og voru nokkrir sem nýttu sér það og heimsóttu starfsstöðvarnar. Einnig tókum við þátt í bleikum október með því að skreyta félags- og tómstundaaðstöðuna á Skólabraut í bleikum tónum.

Árleg ferð sem félagsstarfið og kirkjan standa að sameiginlega verður farin þriðjudaginn 24. október, en þá verður farið norður á Hvammstanga þar sem við heimsækjum Selasetrið og Hvammstangakirkju undir leiðsögn sr. Magnúsar Magnússonar. Hádegisverður verður snæddur á veitingastaðnum Sjávarborg. Lagt af stað frá Skólabraut kl. 9.00 og áætlað að koma til baka um kl. 18.00. Skráning nauðsynleg.

Miðvikudagskvöldið 25. október verður gaman saman í Selinu, sameiginleg kvöldstund yngri og eldri, og fimmtudaginn 26. október verður svo vinsæla bingóið okkar í Golfskálanum. Hvetjum fólk til að skoða dagskrána, nýta það sem í boði er. Einnig er tekið jákvætt í allar hugmyndir. Þess má geta að í félagsaðstöðunni á Skólabraut liggja frammi upplýsinga- og skráningarlistar vegna Hvammstangaferðar, jólahlaðborðs á Hótel Örk 6. des. og vegna fyrirhugaðrar Spánarferðar í maí-júní 2018.

Kíkið endilega í kaffi í félagsaðstöðunni á Skólabraut, en þar er kaffisþjall í króknum alla virka morgna kl. 10.30. Allar upplýsingar um félagsstarfið almennt og skráningar eru hjá Kristínu í síma 893 9800. Þann 3. október sl. bárust þær fréttir að fyrrum bæjarstjóri Seltjarnarnes Sigurgeir Sigurðsson væri látinn. Sigurgeir var viðriðinn bæjarmálin á Nesinu í áratugi og minnast eldri borgarar hans með virðingu um leið og þeir senda aðstandendum samúðarkveðjur.

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins – Hettumáfur

Hettumáfur er varpfugl á Seltjarnarnesi og sést þar árið um kring. Hann er tíðastur síðsumars og á haustin, frá ágústbyrjun fram í nóvember. Fuglarnir sjást bæði í fjörum og á tjörnum, en stærstu hóparnir eru að jafnaði á Bakkatjörn, þar hafa stundum sést á annað þúsund fuglar. – Hettumáfar hafa átt erfitt uppdráttar sem varpfuglar á Nesinu. Þeir hafa orpið við Búðatjörn, í Dal, í hólmanum í Bakkatjörn og innan um krúrnar í Gróttu; yfirleitt fá þör eða í mesta lagi um 20. Það er helst í Gróttu sem varpið hefur gengið og virðist hafa verið ársvisst undanfarið. Hettumáfur ver vörp sín gegn óvinum, svipað og krían og sækjast endur, mófuglar og ýmsir vatnafuglar sérstaklega eftir að verpa í hettumáfvörpum. – Hettumáfar missa hettuna síðsumars og fá hana aftur í mars, fuglarnir eru því hettulausir núna.



Texti og mynd: Jóhann Óli Hilmarsson

Risahvannir

Risahvannir eða tröllahvannir eru stórvaxnar, fjölærar plöntur af sveipjurtaætt. Þær líkjast öðrum hvönnum, t.d. ætihvönn og geithvönn, en eru yfirleitt mun stærri og stórgerðari.

Risahvannir hafa stórar blómmyndanir og eru oft glæsilegar plöntur. Þess vegna hafa þær lengi verið vinsælar garðplöntur. Risahvannir hafa dreift sér hratt um höfuðborgarsvæðið undanfarið og er það áhyggjuefni. Þær eru þekktar fyrir að vera skilgreindar sem framandi, ágengar tegundir sem bola öðrum gróðri burt.

Af risahvönnum stafar einnig slysaþætta því safinn í stönglum og blöðum þeirra er eitruður. Í honum eru efni sem virkjast í sólarljósi og geta valdið alvarlegum bruna á húð og skilið eftir sig varanleg ör. Einnig getur safinn valdið blindu ef hann berst í augu.

Húnakló er minnst og fíngerðust af risahvönnunum. Hún getur náð 2-3 m hæð en er alla jafna mun minni. Hún er ekki eins algeng á höfuðborgarsvæðinu en þar sem hún finnst dreifir hún sér mjög hratt.

Nú í sumar fór að bera á húnakló á grasflötum og í beðum umhverfis Vesturbæjarlaug. Hún var einnig farin að sjást á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi.

Í sumar hafa menn á vegum Seltjarnarnesbæjar notað kerfislyf til eyðingar á húnaklönni. Reynslan af því var sú að plantan lét verulega á sjá en hún drapst ekki. Næsta vor verður aftur hafist handa við eyðingu hennar. Er það ósk bæjarins að bæjarbúar skoði vel garða sína og aðgæti hvort húnakló reynist vera í gördum þeirra. Ef svo er ætti að uppræta hana.

Best er að klippa plönturnar varlega niður og grafa upp með röt. Fara þarf afar varlega við meðhöndlun þeirra. Mikilvægt er að vera með hanska og í fótum sem hylja líkamann. Hlífðargleraugu eða andlitshlíf er einnig æskileg og bráðnauðsynleg ef plantan er mjög stór og/eða ef notast er við sláttuorf. Forðast skal að velja sólríkan dag því sólarljós eykur hættuna á bruna ef plöntusafinn berst á húð. Mikilvægt er að fylgjast vel með vaxtarstað plöntunnar næstu mánuði og ár eftir að plantan er fjarlægð.

Ítrekuð skal nauðsyn þess að vera ávallt í viðeigandi hlífðarbúnaði þegar risahvannir eru meðhöndlaðar. Vatnsheldir hanskar, andlitshlíf og allklæðnaður er nauðsynlegur.

F. h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir formaður



Húnakló í Hrólfsskálavör.

Mynd: Steinunn Árnadóttir.



Nesdekk verkstæði í næsta nágrenni við þig!

Réttu dekkin draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi við misjöfn
akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
okkar við val á réttum dekkjum
fyrir þig.



TOYO TIRES
hárðskeljaðekki

GSI-5

TOYO TIRES
hárðskeljaðekki

G3S-ICE

TOYO TIRES
dríven to perform

Snowprox S 953

TOYO TIRES
dríven to perform

H09

TOYO TIRES
dríven to perform

Toyo AT

TOYO TIRES
dríven to perform

Toyo MT



Fanney áfram Evrópumeistari



Fanney Hauksdóttir varði Evrópumeistaratitil sinn í bekkpressu í -63 kg. flokki á La Manga á Spáni á laugardaginn. Fanney hefur orðið Evrópumeistari í greininni síðustu þrjú ár, sem er frábær árangur.

Fanney lyfti 155 kílóum strax í fyrstu lyftu og nægði það til sigurs. Hún reyndi tvívegis við 160 kíló, sem hefði verið hennar besti

árangur og þar með nýtt Íslands- og Norðurlandamet, en það tókst ekki að þessu sinni.

Fanney keppir ekki meira á árinu, en hún ætlar að æfa vel á næstu vikum og mánuðum fyrir næstu mót á nýju ári. Þess má geta að hún er dóttir hjónanna, Hauks Geirmundssonar íþróttafulltrúa bæjarins og Guðrúnu Brynju Vilhjálmisdóttur.

Óskar Hrafn tekur við meistaraflokki karla

Óskar Hrafn Þorvaldsson var á dögunum ráðinn sem þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu hjá Gróttu. Hann tekur við liðinu af Þórhalli Dan Jóhannssyni sem stýrði liðinu í sumar.

Óskar er Gróttufólki að góðu kunnur en hann hefur þjálfað hjá yngri flokkum félagsins í tvö ár við góðan orðstír. Óskari til aðstoðar verður Halldór Árnason sem gekk til liðs við þjálfarateymi Gróttu í haust þegar hann réði sig sem þjálfara 2. og 5. flokks karla. Halldór er ekki ókunnugur Nesinu en hann spilaði á sínum tíma 45 meistaraflokksleiki fyrir Gróttu. Það verður sannarlega spennandi að fylgjast með ungu Gróttuliðinu í



Óskar Hrafn Þorvaldsson.

höndum þeirra Óskars og Halldórs á næstu mánuðum.

Gróttu á Hæfileikamóti KSÍ



Gróttu átti flotta fulltrúa á Hæfileikamóti drengja og stúlkna sem KSÍ hélt í byrjun mánaðarins. Á Hæfileikamótinu koma saman frambærilegir leikmenn frá öllu landinu og er hópnun skipt í nokkur lið sem spila hvert á móti öðru.

Þær Margrét Rán Rúnarsdóttir og María Lovísa Jónasdóttir tóku þátt á Hæfileikamóti stúlkna á Akranesi 13 til 14. október og stóðu sig báðar með þrýði. Stöllum þeirra úr KR, þær Alma Gui Mathiesen og Ólóf Freyja Þorvaldsdóttir léku einnig á mótinu. Helgina áður voru þeir Grímur Ingi Jakobsson, Krummi Kaldal og Orri Steinn Óskarsson í eldflinunni á Hæfileikamóti drengja en auk þess fékk KSÍ Gróttuþjálfarana Magnús Örn Helgason og Óskar Hrafn Þorvaldsson til að stýra liðum á mótinu. Þeir Grímur, Krummi og Orri þóttu standa sig það vel að þeir tryggðu sér allir sæti í æfingahóp U15 ára landsliðsins sem leikur æfingarleiki við Færeyjar í lok mánaðarins.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

Nesfréttir Sími: 511 1188

Stigateppi

fyrir húsfélög og sameignir

Stigateppi



Hljóðdempandi,
létt í þrifum og umgengni.

*Mælum
og gerum
tilboð að
kostnaðarlausu*

KJARAN


SÍÐUMÚLL 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8-17

Nesfréttir

www.borgarblod.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límðar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Ólafur Gunnar Sæmundsson. Eiginkona Ólafs er Hjálmfríður Kristinsdóttir og eiga þau þrjú börn. Helsta áhugamál Ólafs tengist fuglum og má í því sambandi geta þess að hann hefur verið nokkuð duglegur að setja inn fuglamyndir á fésbókarsíðuna "Íbúar á Seltjarnarnesi".

Fullt nafn? Ólafur Gunnar Sæmundsson.

Fæðingard. og ár? 10. september, 1961.

Starf? Stundakennari við Háskóla Reykjavíkur og næringarráðgjafi fyrirtækisins Skólatur.

Höfundur bókarinnar Lífsþróttur, næringarfræði fróðleiksfúsra en 3. útgáfa bókarinnar var tilnefnd til viðurkenningar Hagþenkis árið 2015.

Farartæki? Toyota Avensis.

Helstu kostir? Reyni að vera jákvæður og áreiðanlegur og tel mig búa yfir ágætum frumleika.

Eftirlætis matur? Lambalæri með fjölbreyttu meðlæti og drukkið með malt og appelsín. Súkkulaðis í eftirrétt.

Eftirlætis tónlist? Tónsmiðar Pink Floyd í miklu uppáhaldi og ég man t.d. vel hve heillaður ég var af hinni stórkostlegu tónsmíð sem finna má á hljómplötunni "Dark side of the moon" þegar ég hlustaði á hana fyrst þá 15 ára gamall nemandi við Skógaskóla.

Eftirlætis íþróttamaður?

Friðsípóttakappinn Sæmundur Ólafsson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Game of Thrones.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Lífsþróttur, næringarfræði fróðleiksfúsra.

Uppáhalds leikari? Tom Hanks.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

The Shawshank Redemption.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

T.d. eyði ég drjúgum tíma í ljósmyndun og vinnslu mynda.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Ásbyrgi.



Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleika og samkennd.

Hvern vildir þú helst hitta?

Barack Obama.

Uppáhalds vefsíða? facebook.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Uppstoppaðan fugl.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

10 milljónir í happdrætti? Þjóða

kjarnafjölskyldunni og mömmu "gömlu" í siglingu umhverfis jörðina.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Setja á laggimar

nefnd sem myndi grandskoða þann möguleika hvort ekki væri fjárhagslegur grundvöllur

til að koma á ferðatengdri starfsemi í hinu svokallaða "Lækningaminjasafni" þar sem

helsta aðdráttaraflíð yrði náttúra og umhverfi Seltjarnarness. Í því sambandi væri ekki ólíklegt

að við fjölskyldan gætum lagt okkar að mörkum

þar sem við eigum nokkuð veglegt safn

náttúrugripa eins og fjölda uppstoppaðra fugla.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Hvað áhugamálið varðar að þá stefni ég á

að bæta mig í fuglaljósmyndun og fjölga í

náttúrugripasafninu!

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Margt og mikið og sem dæmi má nefna þá fór

ég á Þjóðhátíð í Eyjum í fyrsta skipti á lífsleiðinni

og mun klárlega endurtaka það á næsta ári!



Krían er í miklu uppáhaldi hjá Ólafi Gunnari Sæmundssyni.

Taktu gjaldeyrinn út í Vesturbænum

Nú getur þú tekið út helstu erlenda gjaldmiðla fyrir ferðalagið í gjaldeyrishraðbanka í Vesturbæjarútibúi Landsbankans við Hagatorg. Gjaldmiðlarnir sem í boði eru í Vesturbæ eru bresk pund, bandarískir dollarar, danskar krónur og evrur. Góða ferð!

